

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Héraðssvæðis 1998-2010.

1. gr.

Samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Héraðssvæðis er skipuð tveimur fulltrúum Fljótsdals-heraðs, tveimur fulltrúum Fljótsdalshrepps, tveimur fulltrúum Borgarfjarðarhrepps og einum fulltrúa Skipulagsstofnunar með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010 og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum. Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lög- birtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélagi og höfð þar til sýnis ásamt fylgi- skjölum. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnu- nefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfis- ráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 skal skiptast þannig: 50% Skipulagsstofnun, 33,32% Fljótsdalshérað, 8,34% Fljótsdalshreppur og 8,34% Borgarfjarðarhreppur.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. ágúst 2009. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.